


**Siglingaklúbburinn Þytur**  
**Skýrsla stjórnar**  
**Starfsárið 2008**





## Inngangur

Starfsárið hófst með að loknum aðalfundi í febrúar. Formaður var endurkosinn en í stað Niels Daníelssonar kom Guðmundur Ásbjörnsson. Að öðru leiti var stjórn óbreytt.

Formaður	Ragnar Hilmarsson
Varaformaður	Gunnar Geir Halldórsson
Gjaldkeri	Askell Fannberg
Meðstjórnendur	Guðmundur Ásbjörnsson
	Guðmundur R. Magnússon
	Hallur Helgason
	Tryggi S. Helgason

## Vetrarstarf

Vetrarstarf síðasta starfsárs var með hefðbundnu sniði. Kænudeild hittist reglulega, oftast tvisvar í viku og var með æfingar þegar veður leyfði en var þess á milli að ditta að bátum, lesa reglur, siglingatækni og gera klárt fyrir sumarið. Markús Pétursson leiddi vetrarstarfið hjá krökkunum. Að vanda hittast menn á laugardagsmorgnum og byrja daginn á kaffi og spjalli. Þegar menn höfðu góða nennu var tekið í hamar og dittað að hinu og þessu í húsinu. T.d. voru smíðuð borð í salinn og hann er nokkurn veginn að verða klár.

## Sumarstarf

Sumarstarfið byrjaði í maí eins og í fyrra. Við buðum öllum 11 ára börnum í Hafnarfirði á kynningu á siglingum. Við sendum öllum kennurunum bréf þar sem þeim var boið að koma ½ dag hlusta á stutta kynningu. Þetta voru 22 bekkir sem þáðu boð um að koma og við vorum 3 – 4 frá klúbbnum um hverja kynningu. Ragnar og Pétur Th sáu um skipulagninguna og fengu aðstoð frá ansi mörgum félögum til að komu þessu í framkvæmd. Það er mjög erfitt fyrir marga að taka þátt í svona þar sem þessar kynningar eru haldnar á venjulegaum vinnutíma, þannig að þetta er talsvert framtak af félagsmönnum að hrinda þessu í framkvæmd í sjálfböðavinnu.

## Námskeið og æfingar:

Fastur og stór liður í sumarstarfi klúbbsins eru siglinganámskeið fyrir börn og unglinga, fyrsta námskeið sumarsins hófst þann 9 júlí og lauk því síðasta þann 1. ágúst. Hvert námskeið stóð í 2 vikur og voru námskeið bæði fyrir og eftir hádegi. Aðsókn á námskeiðin var með besta móti, svipuð og árið áður sem var algjört metár. Það voru 156 börn sem komu á námskeið til okkar. Gunnar Freyr Gunnarsson var ráðinn forstöðumaður, með honum störfuðu Jón Vignir, Hörður Guðmundsson og Baldvin Ómarsson, einnig störfuðu 8-10 krakkar á vinnuskólaaldri við ýmis störf.

# Siglingaklúbburinn Þytur



Gunnar Freyr Gunnarsson og Jón Vignir Daníelsson sáu aðallega um æfingar og þjálfun síðastliðið starfsár, einnig komu að þjálfuninni þeir Hörður Guðmundsson og Markús Pétursson. Æfingahópurinn hefur stækkað jafnt og þétt og er það mjög mikilvægt að áfram verði vel haldið utan um þennan hóp og reynt að fjölga í honum, þarna eru okkar framtíðar keppnismenn, þjálfarar og stjórnarmenn.

## Mótahald sumarsins:

Siglingaklúbburinn Þytur hélt fimm mót á liðnu sumri, þau voru:

- Opnunarmót kjölbáta laugardaginn 10. maí. Keppt var frá Reykjavíkurhöfn til Hafnarfjarðar.
- Opnunarmót kæna laugardaginn 17. maí. Mótið fór fram í blíðskaparveðri og voru sigldar fjórar umferðir.
- Sjómannadagsmót 29. maí. Þetta mót var reyndar aldrei ræst því það var of hvasst en fjöldi báta var á sjó og þá kom berlega í ljós hvað það er gott að hafa öflugan björgunarbáta.
- Íslandsmót kjölbáta 8. - 10. ágúst. Keppt var fyrir utan Hafnarfjarðarhöfn. Ekki var hægt að ræsa á föstudegi vegna góðviðris en sigldar voru 5 umferðir á laugardeginum.
- Haustþytur var haldinn 2 september. Þetta var innanfélagsmót þar sem lið voru dregin saman. Einn eldri og einn yngri saman í liði. Á eftir var svo grillað og áttu félagsmenn saman góða kvöldstund.

Öll mótin heppnuðust mjög vel, og var vel staðið að þeim. Framkvæmd mótanna hefði aldrei gengið svona vel nema vegna þess fórnfúsa starf sem félagsmenn og foreldrar lögðu á sig, og eiga þeir miklar þakkir skildar. Einnig ber þakka aðstoð frá Björgunarsveit Hafnarfjarðar en þeir aðstoðuðu við gæslu á sjómannadagsmóti.

Formaður keppnisstjórnar er Friðrik Hafberg og á hann miklar þakkir skildar fyrir gott mótahald í sumar.

Við sendum marga krakka á Íslandsmót kæna sem var haldið á Ísafirði. Þetta var í fyrsta sinn sem Íslandsmót var haldið á Ísafirði. Sæfari tók á móti keppendum og sáu um framkvæmd mótsins. Keppnisstjóri var Ármann Jóhannesson og honum til aðstoðar voru Egill Kolbeinsson og Friðrik Friðriksson.

Fyrir utan þessi mót voru kjölbátamenn með nokkur æfingamót á miðvikudögum í Hafnarfirði.



## Annað:

Af öðru sem gerðist í sumar má m.a. nefna að teknar voru í notkun fjórar nýjar kænur af gerðinni Topper Topaz um er að ræða tveggja manna kænur og eru þær kærkomin viðbót í bótaflotann, en lengi hefur verið talað um að þörf sé á að eiga tveggja manna kænur og núna erum við komnir með 7 stk og verða þær ásamt optimistunum aðalbátar í siglinganámskeiðunum. Við getum nú verið með 20 krakka á seglbátum í einu. Einnig á klúbburinn nú 6 Laser kænur fyrir þá sem eru lengra komnir.

## **Framkvæmdir**

Á árinu var ekki unnið mikið við framkvæmdir við aðstöðuna. Þyngjan ber þess merki að við höfum endurnýjað bótaflotan mikið undanfarin tvö ár. Nýjir öryggisbátar og 8 nýjar kænur, á sama tíma og vextir og verðbætur hafa hækkað umtalsvert. Gengið var frá gólfi á milliloft fram í sal og næsta verk verður að koma upp geymslum á milliloftinu og útbúa eldhús inn af salnum.

Annars hefur lítið frést af fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu hér í nágrenni við okkur. Fyrrihluta árs voru margar hugmyndir á lofti um breytingar á höfninni. Aðallega var um að ræða hugmyndir að betri aðstöðu fyrir fleiri og stærri smábáta og eins var rætt um aðstöðu fyrir skemmtiferðaskip. Var jafnvel rætt um að ráðast í fyrsta hluta þessara framkvæmda strax í vetur. Frá 6. október hafa forsendur allar breyst og því er ekki horfur á að hafist verði handa á þessu ári.

## **Lokaorð**

Ég vil þakka öllum þeim sem að þessu starfi komu, kærlega fyrir þeirra framlag fyrir siglingaklúbbinn Þyt, og þá sérstaklega samstarfsmönnum mínum í stjórninni. Starfsemi í félagsins hefur aukist verulega undanfarin tvö ár og góður mælikvarði á starfið er aukinn fjöldi barna sem kemur á námskeið hjá okkur. Bæði höfum við fjölgað verulega þeim fjölda barna sem við erum með á námskeiðum hjá okkur og eins hefur nýting batnað. Það var næstum fullt á öll námskeið í sumar.

Hafnarfirði 31. janúar 2009

Ragnar Hilmarsson